



Gjaldskrá fyrir ljósrit, afrit og skönnun á gögnum

1. gr.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir ljósrit eða afrit af gögnum hjá stofnunum Borgarbyggðar. Einnig er heimilt að innheimta gjald ef gögn eru skönnuð hjá stofnunum sveitarfélagsins. Gildir þetta hvort sem að beiðnin er á grundvelli stjórnsýslulaga, upplýsingalaga eða aðrar ástæður liggja að baki því að þessi þjónusta er veitt.

2. gr.

Fyrir ljósrit, afrit eða skönnun af skjölum er heimilt að krefjast kr. 22 fyrir hverja blaðsíðu í stærðinni A4 eða A5, allt að 100 síðum, en kr 16 fyrir hverja blaðsíðu eftir það. Fyrir ljósrit, afrit eða skönnun af skjölum í stærðinni A3 er heimilt að krefjast kr. 33 fyrir hverja blaðsíðu.

3. gr.

Þegar skjal er endurritað samkvæmt beiðni aðila máls, er heimilt að krefja hann um kr. 325 fyrir hverja blaðsíðu.

4. gr.

Fyrir afrit af öðrum gögnum en skjölum s.s. myndum eða teikningum er heimilt að innheimta þann kostnað sem af afrituninni leiðir.

5. gr.

Einingarverð skv gjaldskrá þessari skal endurskoðað í janúar ár hvert.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 07. desember 2022 og tekur gildi þann 01. janúar 2023.